

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Arnarfirði



Dags eftirlits	4.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Nikoals Tzamouranis	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu er varða tilkynningu um útsetningu seiða, skila á ársyfirliti og grænu bókhaldi og ein ábending var gerð er varðar tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn og nær það til þriggja sjókvíaeldissvæða í Arnarfirði. Sjókvíaeldi A samanstendur af eldissvæðunum Haganesi og Steinanesi, sjókvíaeldi B samastendur af eldissvæðum við Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót, sjókvíaeldi C samanstendur af eldissvæðum við Hringsdal og Kirkjuból. Starfsleyfið gildir til 15. febrúar 2032.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Breyting á boðum eftirlits - kynning

Tvö frávík kom fram í eftirliti síðasta árs sem snúa að upplýsingaskyldu rekstraraðila og geymslu olíutunnu um borð í pramma við Tjaldanes. Búið er að færa olíutunnu í viðunandi geymslu og samskipti bætt, frávíkunum hefur því verið lokað. Ein ábending var sett fram er varðar uppfærslu á vöktunaráætlun með lýsingu á ferlum sem geta leitt til annars hvíldartíma en 90 daga.

Árið 2022 var fiskur í Haganesi, Hringsdal, Steinanesi og Tjaldanesi. Búið var að slátra upp úr kvíum í Haganesi í september 2022 og byrjað að setja seiði út í júní 2023. Seiði voru sett út í Hringsdal í maí 2022. Búið var að slátra upp úr kvíum í Steinanesi í maí 2022 og byrjað að setja út í ágúst 2023. Í Tjaldanesi var fiskur í kvíum allt árið 2022 og var enn þegar eftirlitið fór fram.

Heildarframleiðsla ársins 2022 var 12.483.133 kg, heildarlífmassi á hverjum tíma var undir leifilegum mörkum í starfsleyfi. Losun fosfórs var 7,7 kg P/tonn en hámarkslosun er undir leyfilegri losun sem er 10,0 kg P/tonn á ári.

Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

Farið var í skoðunarferð í kvíar en vegna sjólags var ekki hægt að fara um borð í prammana. Engar ábendingar eru settar fram vegna kvíanna, engin marglytta sást og ekki óeðlilega mikið af fugli við kvíarnar.

Dauðfiskur er settur í meltu um borð í prömmunum sem er svo flutt til Hordafor í Noregi. Kvartanir vegna fóðurröra í Örlygshöfn bárust rekstraraðila 27. mars 2022 og hefur rekstraraðili sótt þau.

Bilanir og óhöpp: í janúar 2022 fór olía í sjóinn frá Fosnakongen um öndunarpípu og brugðist var strax við því. Mikið af fljótandi fóðri var í kví þann 13. febrúar 2022 í Steinanesi sem var háfað upp úr kvinni. Góð skráning er á kvörtunum, bilunum og óhöppum sem verða hjá rekstraraðila. Kvartanir hafa ekki borist Umhverfisstofnun vegna rekstraraðila.

Þjálfunarkerfi er til staðar vegna þjálfunar starfsfólks.

Upplýsingar um notkun lyfja er skráð í fishtalk.

Útstreymisbókhald barst 28. apríl sl.

Kynning á nýrri gjaldskrá, söfnun gagna vegna mengaðs jarðvegs og breytingu á boðun eftirlits fór fram.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Ekki var tilkynnt um útsetningu í Steinanes á árinu.
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti skal skila fyrir fyrsta 1. maí ár hvert. Árslyfirliti hefur ekki verið skilað og er frávikið því opið.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi með fullnægjandi undirritun var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Fullnægjandi grænu bókhaldi var skilað 10. nóvember sl. og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Tilkynninna skal til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2023

Sigr. Keistinsd

Sigríður Kristinsdóttir

